

Miðvikudaginn 22. marz 1950.

Nr. 124/1947. **Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Guðna Jónssyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að láta dómkveðja sérkunnáttumenn, er falið verði:

1. Að bera fornrít þau, sem gagnáfrýjandi hefur búið til prentunar fyrir aðaláfrýjanda og hann hefur nú látið ljósprenta, saman við eldri útgáfur af sömu ritum, er komið hafa út á vegum aðaláfrýjanda.
2. Að lýsa því, hver munur sé á þessum tvenns konar útgáfum, bæði að því er tekur til formála, meginmáls, vísna-skýringa og nafnaskráa hvers einstaks rits.
3. Að semja álitserð um þessi efni.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra skýrslna.
